

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/01

frá 9. febrúar 2005

um breytingu á ákvörðun 2004/292/EB um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 279)

(2005/123/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE ⁽²⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2003 um þróun á samþættu dýraheilbrigðistölvukerfi ⁽³⁾ er kveðið á um þróun Traces-tölvukerfisins.
- 2) Að færa inn í Traces-kerfið allar þær upplýsingar, sem eru í samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðinu fyrir afurðir, sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum ⁽⁴⁾, felur í sér stóraukið vinnuálag í skoðunarstöðvum á landamærum.

- 3) Innflutningur til Bandalagsins á afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir sérstakar verklagsreglur, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁵⁾, skal hins vegar sendur um Traces-kerfið.
- 4) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE ⁽⁶⁾ skulu aðildarríkin nota Traces-kerfið frá 1. apríl 2004.
- 5) Aðildarríkin þurfa tíma til að efla vitund vöruflutningsaðila og til að hjálfa þá til að tryggja að þeir taki virkan þátt í að færa upplýsingar inn í Traces-kerfið.
- 6) Þörf er á umfangsmiklum prófunum á tengingum milli Traces-kerfisins og fyrirliggjandi tölvuvæddra heilbrigðisyfirlýsingakerfa í sumum aðildarríkjanna.
- 7) Breyta ber ákvörðun 2004/292/EB til samræmis við þetta.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2004/292/EB komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB (Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétting í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63.

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar séu færðar inn í Traces-kerfið frá 31. desember 2004:

- a) I. og II. hluti heilbrigðisvottorða sem varða viðskipti og III. hluti ef dýraheilbrigðiseftirlit fer fram,
- b) samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir öll dýr sem flutt eru til Bandalagsins og
- c) samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir allar sendingar sem hefur verið hafnað og fyrir allar afurðir sem falla undir eftirfarandi sérstakar verklagsreglur samkvæmt tilskipun 97/78/EB:
 - i) sérstakar verklagsreglur við eftirlit skv. 4. mgr. 8. gr.,
 - ii) verklagsreglur við umflutning sendinga frá einu þriðja landi til annars þriðja lands í 1. mgr. 11. gr.,
 - iii) verklagsreglur við flutning sendinga inn á frísvæði, í tollfrjálsa vörugæmslu eða tollvörugæmslu í 1. mgr. 12. gr.,

iv) verklagsreglur við dreifingu vista til skipa í sjóflutningum í 1. mgr. 13. gr. og

v) verklagsreglur við endurinnflutning á afurðum sem eiga uppruna sinn í Bandalaginu í 1. mgr. 15. gr.

3. Með fyrirvara um c-lið 2. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að öll samræmd dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorð fyrir allar afurðir, sem fluttar eru inn til Bandalagsins óháð tollfyrirkomulaginu sem gildir um þær, séu skráð í Traces-kerfið frá 30. júní 2005.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.